



SAMBAND ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

Bankers' Association of Iceland

Alþingi

Erindi nr. P 126/123

komudagur 16.11.2000

Reykjavík, 15. nóvember 2000

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Þórshamri v. Templarasund,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um neytendalán (90. mál).

Við er til bréfs frá 25. október 2000 þar sem óskað er eftir umsögn um framangreint frumvarp. Hér á eftir fylgir sameiginleg umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka og Sambands íslenskra sparisjóða.

Viðamiklar athugasemdir komu fram, m.a. af hálfu SÍV, þegar frumvarp til laga um neytendalán var lagt fram á 116. löggjafarþingi. Miðuðu þær m.a. að því að tryggja að ekki væri verið að setja strangari reglur hér á landi en giltu á hinu Evrópska efnahagssvæði almennt. Í ljósi þeirra athugasemda voru gerðar töluverðar breytingar á frumvarpinu, m.a. var tekið af skarið um að lögunum væri einvörðungu ætlað að ná til neytendalána og í ljósi þess voru sett inn efri og neðri fjárhæðarmörk þeirra lána sem falla undir lögin, sbr. ákvæði f-liðar 2. gr. tilskipunar 87/102/EB.

Athugasemdir við einstakar greinar:

1. gr.:

a) Í b-lið frumvarpsins er gert ráð fyrir að fjárhæðarmörk framangreindrar tilskipunar verði felld brott úr lögunum. Almennt séð má benda á að samkvæmt þeirri framkvæmd sem tíðkast í dag hjá lánastofnunum, fá lántakendur sambærilegar upplýsingar um lánskjör og lögin gera kröfu um, óháð lánsfjárhæð. Því verður að telja að upplýsingaskylda gagnvart neytendum sé í ágætu horfi. Hins vegar verður ekki séð að svo verulegar breytingar hafi átt sér stað í viðskiptalífnum frá setningu laganna að þær kalli á að hér á landi séu gerðar strangari kröfur til lánveitenda en EES-löggjöf gerir kröfu um. Einnig má benda á að efnahags- og viðskiptanefnd lagði á sínum tíma til þá breytingu á upphaflegu frumvarpi að í lögin yrði sett sérstakt ákvæði um tryggingu að hámarki 5 m.kr. vegna hugsanlegra vanefndakrafna neytenda vegna viðskiptabréfakrafna, sbr. 18. gr. laganna. 4. mgr. 17. gr. laganna var einnig bætt inn að tillögu nefndarinnar, en þar kemur fram að sérákvæði 1. mgr. 17. gr. laganna um að mótbáru réttur lántakanda haldist við framsal kröfu til grandlauss þriðja manns eigi ekki við um viðskiptabréfakröfur, enda sé til staðar trygging.



Ef fjárhæðarþak e-liðar 2. gr. verður fellt brott þyrfti jafnframt að huga að því að hækka framangreind fjárhæðarmörk tryggingar í 18. gr. laganna. Þannig hefur t.d. aukist í seinni tíð að einstaklingar séu að taka stærri fjárhæðir að láni til að fjármagna verðbréfa kaup sín. Hækkun tryggingarfjárhæðar mun hins vegar væntanlega leiða af sér aukinn kostnað fyrir þann sem trygginguna veitir, sem aftur er líklegt til að skila sér inn í heildarlánskjör.

Með hliðsjón af framansögðu telja umsagnaraðilar rétt að ef á annað borð er ætlunin að breyta fjárhæðarmörkum tilskipunarinnar, þá verði fremur farin sú leið að hækka þau mörk eitthvað heldur en að afnema fjárhæðarþakið alfarið. Með því móti mætti komast hjá því að breyta mörkum tryggingarfjárhæðar 18. gr.

b) Engar skýringar eru í frumvarpinu varðandi breytingartillögu c-liðar 1. gr. Ekki verður þó betur séð en að þar sé ætlunin að færa efnisákvæði h-liðar 2. gr. laganna upp í f-lið 2. gr., en um leið að hætta að undanskilja lán með veði í fasteign almennt frá gildissviði laganna. Rétt er að vekja athygli nefndarinnar á að hér er um efnisbreytingu að ræða sem eðlilegt er að færð verði rök fyrir, enda algengt að lán með veði í fasteign séu veitt til annars en fasteignakaupa.

c) SÍV og SÍSP leggjast alfarið gegn þeirri tillögu sem fram kemur í d-lið 1. gr. frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir að g-liður laganna falli brott, en hann undanskilur lán í formi yfirdráttarheimildar frá gildissviði laganna. Þar ber fyrst að nefna að viðkomandi lagaákvæði á sér stoð í framangreindri tilskipun EB, og verður ekki séð að nein breyting hafi orðið þar á frá setningu hennar. Í annan stað mundi slík lagabreyting hafa í för með sér verulega annamarka í framkvæmd og þá sérstaklega að öllu sem snýr að upplýsingaskyldu lánveitanda, sbr. 5. og 6. gr. laganna. Sem dæmi má spyrja hvernig með skuli fara þegar um ótímabundna yfirdráttarheimild er að ræða. Þá eru slíkar yfirdráttarheimildir og hækkar á gildandi heimildum gjarnan veittar símleiðis, til hægðarauka fyrir viðskiptamenn. Ef umrædd breytingartillaga næði fram að ganga mundi það svipta viðskiptamenn möguleika á slíkri afgangi þar sem lánveitendum væri ómögulegt annað en að boða viðskiptamanninn á starfsstöð til að upplýsa um tilheyrandi kostnað. **Með hliðsjón af þessu er lagt til að d-liður 1. gr. frumvarpsins orðist svo: H-liður fellur brott.**

2. gr.:

Mikilvægt er að í þeirri reglugerð sem ráðherra er gert að setja samkvæmt tillögu 2. gr. frumvarpsins að breytti 13. gr. laganna verði tekið eðlilegt tillit til jafnt hagsmuna lánveitenda og neytenda.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri